

**Ed.**

**491. Frumvarp til laga**

[309. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hvernar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn reiknast árið 52 tryggingavikur. Hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingavika. Tryggingavikufjöldi sjómanna er skráningar- og/eða ráðningartími í skipsrúm.

2. gr.

7. tölulíður 21. gr. laganna orðist svo:

Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a. m. k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma.

3. gr.

1. málsg. 23. gr. laganna orðist svo:

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda á hverjum tíma, hæsta starfsaldursþrepi. Lágmarksdagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.

4. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsg. sem verður 2. málsg. og orðist svo:

Nú nemur vinnuframlag manns ekki 425 dagvinnustunda lágmarkinu skv. framansögðu en viðkomandi hefur auk þess unnið eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 22/1981 og lög nr. 46/1981, og er þá heimilt að leggja saman dagvinnustundir unnar af viðkomandi og greiða bætur að tiltölu enda náist þannig a. m. k. 425 dagvinnustundir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

1. Í tengslum við gerð síðustu heildarkjarasamninga verkafólks og vinnuveitenda var það fyrirheit gefið að ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysisstryggingar, í því skyni að hækka viðmiðunarflokk bóta til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á röðun starfa í launaflokka frá því að fyrrgreind lög voru sett.

Frá því að fyrst var farið að greiða atvinnuleysisbætur haustið 1956 voru þær tengdar „almennu verkakaupi“ eða tilteknum launaflokki, þeim sem verkafólki væri almennt greitt eftir, nú síðast 8. launaflokki Verkamannasambands Íslands. Iðgjöld launagreiðenda voru á sama hátt miðuð við þann launaflokk; þó voru bætur greiddar eftir efsta starfsaldursþrepi en iðgjöld miðuð við hið lægsta.

Framangreint fyrirheit ríkisstjórnarinnar á rætur að rekja til þess að viðmiðun við 8. fl. sem „almennt verkakaup“ er fyrir þó nokkru orðin úrelt. Skv. gildandi kjarasamningum er kaup fyrir störf í almennri fiskvinnu greitt eftir 13. fl. til 1. mars 1985 en breytist þá í 14. fl. til 1. maí 1985. Frá þeim degi verður kaup fyrir þessi störf greitt eftir 15. launaflokki gildandi kjarasamnings.

Af þessu sést að umhendis er að rígbinda iðgjöld og bætur við tilgreindan og númeraðan launaflokk. Hér er því lagt til að miðað verði við þann launaflokk sem langflestir taka laun samkvæmt, þ. e. a. s. þann sem greitt er eftir fyrir „almenna fiskvinnu“ á hverjum tíma. Verði bætur áfram miðaðar við efsta starfsaldursþrep en iðgjöld við lægsta.

2. Með lögum 22/1981 og 46/1981 öðluðust félagsmenn BHM og BSRB rétt til atvinnuleysisbóta sambærilegra við bætur annars launafólks, sbr. einkum IV. og V. kafla um atvinnuleysisstryggingar.

Bætur skv. lögum þessum greiðast af ríki og sveitarfélögum án þess að sérstakt iðgjald sé lagt á og innheimt, þ. e. a. s. hér er ekki um bótasjóð að ræða.

Lágmarksbætur greiðast, eins og í hinu almenna kerfi, þá því aðeins að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 425 klst. í dagvinnu í þjónustu ríkis eða sveitarfélaga á síðustu 12 mánuðum. Vegna þessa skilyrðis og þar eð hér er um þrjú aðskilin kerfi að ræða á fólk ekki formlegan rétt til bóta þótt það hafi skilað allt að 1272 dagvinnustundum samanlagt skv. kjarasamningum ASÍ, BHM og BSRB. Hér er því lagt til að heimilað verði að miða við heildarvinnuframlag til bótaákvörðunar og að greiða bætur úr hverju kerfi að tiltölu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að hér er lagt til að miðað verði við vikukaup fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu í stað þess að vísa til 8. launaflokks A Verkamannasambands Íslands.

Um 2. gr.

Hér er sú breyting ein gerð að tilvísun í 8. launaflokk er felld burtu og í þess stað miðað við hámarksbætur eins og þær eru á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Hér eiga við sömu skýringar og um 1. gr.

Um 4. gr.

Það er talið sanngirnismál að fólk gjaldi þess ekki að við lýði eru þrjú aðskilin kerfi atvinnuleysisbóta hér á landi.

Þar eð afgreiðsla bótamála skv. l. 22/1981 og l. 46/1981 skal fara eftir reglum laga 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, nægir að breyta síðast töldu lögunum eins og hér er lagt til.

Að öðru leyti vísast til þess sem segir í 2. lið almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.